

**9. fundur starfshóps um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda. Haldinn kl. 16:15, 28. apríl 2015 að Strandgötu 6.**

*Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Atli Þórsson, Karólína Helga Símonardóttir, Fjölur Sæmundsson, Hörður Svavarsson, Adda María Jóhannsdóttir, Guðmundur Sverrisson, Geir Bjarnason og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.*

---

1. Umsagnir.  
Farið var yfir umsagnir vegna tillagna starfshópsins en fimm umsagnir bárust. Frá skólastjórum, Haukum, bæjarbúa, ÍTH-nefnd og Verkefnastjórum frístundaheimila. Sjá meðfylgjandi gögn.
2. Tillögur um breytingar á gjaldskrá.  
Formaður lagði fram drög að hugmyndum um breytingar að gjaldskrá. Lagt er til að tillögurnar séu skoðaðar á milli funda. Næsti fundur verður miðvikudaginn 6. maí kl. 16:15.

Fundi slitið kl. 17:10.